

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

### ***Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að færa starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu***

Í ljósi áherslu á aukna samnýtingu húsnæðis er lagt til að starfsstöð félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu sem er staðsett í Gerðubergi 1 verði færð í Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og starfsemi hætt í Gerðubergi. Unnið verði í samstarfi við unglingana, starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólanna að því að skilgreina betur starfsemina og ákveða hvort að félagsmiðstöðin Hundraðogellefu verði áfram starfsemi undir sama hatti eða tvær félagsmiðstöðvar staðsettar í sitt hvorum skólanum.

#### **Greinargerð**

Fyrirhugaðar eru endurbætur á húsnæði Hólabrekkuskóla og Fellaskóla og því mikilvægt í hönnunar- og endurbótaferli að horfa til framtíðvar varðandi þá starfsemi sem gera þarf ráð fyrir að fari fram í húsnæðinu á vegum skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Samkvæmt [Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025](#) er gert ráð fyrir því að starfsemi frístundaheimila og félagsmiðstöðva fari fram í húsnæði í grunnskóla eða húsnæði tengt lóð viðkomandi skóla. Slíkt fyrirkomulag er nú þegar við lýði í flestum hverfum í Reykjavík að félagsmiðstöð og grunnskóli mynda eina heild (til dæmis í Breiðholtsskóla) og hefur það gefið góða raun og skapað mjög traust samstarf milli félagsmiðstöðvar og skóla og tryggt gott aðgengi allra unglinga að félagsmiðstöðinni og þátttöku í starfseminni.

Sett hefur verið fram [Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#). Stefnan byggir á menntastefnu Reykjavíkur til 2030 og Græna planinu og þar er tilgreint hvernig byggingarnar geti stutt við innleiðingu á þessum stefnum. Í stefnunni um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf kemur fram að tryggja þarf að hægt sé að laga byggingar fyrir skóla- og frístundastarf að breytilegum þörfum og breyttum áherslum í skóla- og frístundastarfi í nútíð og framtíð. Nauðsynlegt er að byggingin og einstakar einingar hennar séu fjölnýttar og samnýttar. Lögð er áhersla á að sem flest rými nýtist frá morgni til kvölds, alla daga. Mikilvægt er að hafa í huga hvernig afmarka megir notkun húsnæðis þegar mikil áhersla er lögð á sam- og fjölnýtingu. Við endurbætur á Hólabrekkuskóla og Fellaskóla verði ofangreint haft að leiðarljósi í hönnun á rými fyrir skóla- og frístundastarf í hverfinu.

Félagsmiðstöðin Hundraðogellefu er í dag staðsett í Gerðubergi 1 og er efri hæð hússins innsiglið vegna loftgæðavanda. Kominn er tími á verulegt viðhald á húsinu og fyrirhugað er að endurbyggja húsið fyrir aðra starfsemi á næstu árum. Því er mikilvægt að huga fyrir en síðar



að öðrum kosti fyrir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og mikilvægt að börn, unglingar og starfsmenn fái að koma að framtíðarsýn starfseminnar.

Í ljósi þessarar stefnu og aðstæðna sem eru í húsnæði Fellaskóla, Hólabrekkuskóla og félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu er ráðgert að við endurhönnun Hólabrekkuskóla og Fellaskóla verði gert ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsemi félagsmiðstöðvarinnar Hundraðogellefu og starfsemi á hennar vegum hætt í Gerðubergi 1 að framkvæmdum loknum. Unnið verði í samstarfi við unglingana, starfsfólk félagsmiðstöðvar og skólanna að því að skilgreina betur starfsemina og ákveða hvort að félagsmiðstöðin Hundraðogellefu verði áfram starfsemi undir sama hatti eða tvær félagsmiðstöðvar staðsettar í sitthvorum skólanum.

Óskað er eftir umsögn við þessa ráðagerð.